

Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni. FaMos.

Aðalfundur Famos haldinn í Hlégarði mánudaginn 18. febrúar 2019 kl. 20:00.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður stjórnar FaMos, Ingólfur Hrólfsón, bauð þátttakendur velkomna. Hann setti fundinn og tilnefndi Magnús Sigsteinsson sem fundarstjóra og Snjólaugu Sigurðardóttur sem ritara. Það var samþykkt. Fundarstjóri þakkaði traustið og úrskurðaði um lögmati fundarins sem var auglýstur með nægum fyrirvara.

2. Skýrsla stjórnar

Ingólfur Hrólfsón formaður flutti eftirfarandi skýrslu:

„Á aðalfundi 19. febrúar 2018 var Ingólfur Hrólfsón kosinn formaður og þær Úlfhildur Geirsdóttir og Snjólaug Sigurðardóttir kosnar í stjórn, öll til tveggja ára. Varamenn voru kjörin Kristbjörg Steingrímsdóttir og Halldór Sigurðsson til eins árs. Áfram sátu þeir Jón Þórður Jónsson og Pétur Guðmundsson í stjórn en þeir voru kosnir 2017 til tveggja ára. Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Úlfhildur er varaformaður, Jón Þórður ritari, Pétur gjaldkeri og Snjólaug meðstjórnandi. Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 12 stjórnarfundum auk nokkurra vinnufunda.

Á vegum félagsins starfa fjölmargar nefndir. Þar er unnið mikið og gott starf og alveg ljóst að hið umfangsmikla starf FaMos gengi ekki án þess. Hér á eftir munu formenn nefndanna gera grein fyrir starfinu. Grétar Snær Hjartarson vinnur mikið starf við að senda út tilkynningar af öllu tagi og við viðhald félagaskrár.

Eitt af fyrstu verkum stjórnarinnar var að endurskoða heimasíðu félagsins. Eftir dálítið brösuga byrjun fengum við góða konu, Birnu Maríu Björnsdóttur hjá Character vefstúdíói, í lið með okkur og erum við ánægð með árangurinn. Það á þó eftir að hlaða inn meira efni, en það kemur. Vert er að geta þess að FaMos er jafnframt á „facebook“. Í maí héldum við fund með öllum framboðum til sveitarstjórnar. Fundurinn var vel sóttur og frambjóðendur komu vel undirbúnir. Allir töluðu fallega um eldri borgara, en sjálfsgagt þurfum við að fylgja því fast eftir að staðið verði við fyrirheitin, enda þarf talsvert til til að stækka Eirhamra og byggja við Hlégarð svo eitthvað sé nefnt. Eitt ber þó sérstaklega að nefna, sem rætt var fyrir kosningar og komið er í framkvæmd, en það er leikfimi hjá World Class, en bærinn borgar leiðbeinendum. Nú eru komnir nærri 80 þátttakendur í þessa vinsælu leikfimi. Við vitum samt ekki hvernig framhaldið verður. Ekki liggur fyrir ákvörðun lengur en til vors. Jafnframt er í boði bæjarins frí leikfimikennsla einu sinni í viku á Eirhömrum.

Birgir Björnsson tannlæknir hélt fróðlegt námskeið um þátttöku ríkisins í tannlæknakostnaði aldraðra.

Við stefndum að námskeiði um tölvur og snjallsíma í samvinnu við Lágafellsskóla, en það gekk ekki upp. Við þurfum að skoða aðra nálgun. Það er boðið upp á stólajóga í leikfimisalnum á Eirhömrum og er vel látið af því. Eftir áramótin var ákveðið að hefja skákæfingar. Það fór dræmt

af stað en er að lifna við. Það þarf enginn að hafa áhyggjur þó hann hafi ekki teft í nokkra áratugi. Það gildir um flesta.

Við höfum átt í viðræðum við Rauðakrossdeildina í Mosfellsbæ um samstarf. Áhugi er á að koma á fót verkefninu „karlar í skúr“, en þar væri kaffi og vinnuaðstaða fyrir karla. Þetta kallar á talsvert gott rými sem ekki liggur á lausu. Þessari hugmynd hefur verið hrint í framkvæmd í Hafnarfirði og gefist vel.

Nýlega áttum við fund með ungmennahúsinu Mosanum. Þar er áhugi á að starfa með eldri borgurum og vonandi tekst okkur að koma því í kring.

Formaður hefur sótt fundi hjá Eir. Þar hefur gengið á ýmsu, en stefnir þó í rétta átt. Erfiðlega gengur þó að ná endum saman við rekstur Hjúkrunarheimilisins Hamra og þarf að finna varanlega lausn á fjárhagsstöðu heimilisins.

Formaður og varaformaður sóttu aukalandsfund Landssambands eldri borgara. Þar var samþykkt breyting á lögum sambandsins varðandi fjölda fulltrúa á landsfundum. Þessi breyting hefur engin áhrif á fulltrúafjölda FaMos. Núverandi stjórn sambandsins tók við fjárhagslega erfiðu búi, en það stefnir til betri vegar. Þau halda stjórnvöldum vel við efnið þó okkur finnist hægt miða í réttindamálum eldri borgara.

Nú í byrjun febrúar hlaut FaMos mjög myndarlegan styrk úr samfélagssjóði KKB, kr. 1.500.000. Þessi styrkur mun gera okkur kleift að ráðast í ný og spennandi verkefni.

Félagið á í nánú og góðu samstarfi við félagsstarfið á Eirhömrum. FaMos hefur lagt til vinninga í bingó og félagsvist. Stjórnin þakkar Elvu Björgu Pálsdóttur og öðru starfsfólki í félagsaðstöðunni á Eirhömrum fyrir gott starf og ánægjulega samvinnu.

Stjórnin vill einnig þakka öllu því atorkusama fólki sem komið hefur að starfi félagsins. Án þess væri lítill kraftur í starfinu. Nú láta þeir Pétur og Jón Þórður af störfum í stjórn og þökkum við þeim fyrir mikið og gott starf.

Félagar í FaMos eru nú orðnir um 570 og fjölgar ört. Við viljum sjá miklu fleiri úr þessum stóra hópi virka í starfinu og vonumst til að fá hugmyndir og tillögur að nýjum verkefnum til að vinna með.“ **Sjá fskj. 1.**

3. Skýrslur nefnda og hópa

3.1 Menningar- og skemmtinefnd

Benedikt Steingrímsson formaður sagði að samkvæmt venju væri svokallað opið hús haldið mánaðarlega á tímabilinu október-apríl fyrir utan febrúarmánuð en þá er aðalfundur. Þátttakan hefur verið á bilinu 60-100 manns. Rúmlega 100 manns mættu í desember sl. en þá komu Vorboðar í heimsókn. Í næsta mánuði verður harmonikkuball og í apríl mætir Stórsveit Íslands undir stjórn Daða Þórs Einarssonar.

(Innskot fundarritara. Á vegum menningar- og skemmtinefndar var haldið námskeið um tengsl Halldórs Laxness við Mosfellssveit í gegnum tíðina. Kennari Bjarki Bjarnason.)

3.2 Kaffinefnd

Stefanía Helgadóttir formaður upplýsti að tvær nefndarkonur, þær Kristbjörg Steingrímsdóttir og Sara Elíasdóttir, munu hætta í nefndinni. Nefndarkonur hafa verið fjórar en þyrftu helst að vera sex auk varamanna vegna mikillar fjölgunar þátttakenda. Hún kvaðst láta lista ganga á fundinum í von um góðar undirtektir sjálboðaliða því að þetta væri skemmtileg nefnd.

3.3 Íþróttanefnd

Pétur Guðmundsson formaður flutti eftirfarandi skýrslu:

„Í stjórn íþróttanefndar eru auk mín Sigrún Kröyer, Úrsúla Júnemann og Hafdís Rut Pétursdóttir. Starfið hefur verið með hefðbundnum hætti, vatnsleikfimi 3svar í viku í Lágafellslaug, þar eru frábærir þjálfarar Karin Mattsson og Úrsúla Júnemann.

Ringó og bocchia er í Varmá, þar er að fjölga þátttakendum. Einnig eru bocciatímar á Eirhömrum. Verðlaun sem ringóhópurinn vann, var hvatning til fjölgunar í hópnum, þetta er gaman og góð hreyfing.

Unga skólafólkið hefur verið með okkur að ósk íþróttakennara í ringótímum sem voru frábærir. Leikfimi er í Hlaðhömrum undir stjórn Karin Mattsson.

Gönguhópurinn sem er 3svar í viku fær nú aðstöðu í vetur að ganga í íþróttasölum Varmár.

Einnig á upphituðu svæði á útivelli.

Nýtt í okkar starfi er skák og stólajóga sem hefur fengið frábæra þátttöku.

Karl Loftsson hefur stjórnað þúttæfingum, félagsvist og bingó.

Eldra og unga fólkið vinnur saman að hreyfilistinni.

Hvatningarhrópin eru nú ÁFRAM AFTURELDING & ÁFRAM FaMos.“ **Sjá fskj. 2.**

3.4. Ferðanefnd

Margrét Jakóbína Ólafsdóttir formaður flutti eftirfarandi skýrslu og tók fram að engin skýrsla hefði verið flutt á síðasta aðalfundi:

„2017

Þriggja daga sumarferð til Siglufjarðar 6. – 8. júní, 49 fóru í þessa frábæru ferð.

Fórum ásamt félagsstarfinu í Lavasafnið á Hvolsvelli, alveg frábær ferð og mjög fróðleg og eftirminnileg.

2018

Vorferð ásamt félagsstarfinu til Vestmannaeyja. Eldeyasafn skoðað og þar var borðað, súpa og brauð. Keyrt um eyjuna með leiðsögn og heilsað upp á eldri borgara, þar var boðið upp á kaffi og mikinn söng. Það fóru 70 manns í þessa ferð.

Sumarferð Slóvenía; Króatía og sigling til Ísóla. 50 manns fóru í þessa frábæru ferð, mjög svo góðu og skemmtilegu ferð.

Bláskógabyggð og heimsóttum Friðheima, fengum góða kynningu um starfsemina þar og fengum okkur tómat súpu og brauð. Fórum síðan og skoðuðum dúkkusafnið á Flúðum. Síðan í Efstadal og fengum að kynnast starfseminni þar og einnig fengum við að smakka ýmislegt sem þau eru að framleiða.

2019

Þann 13. mars nk. er fyrirhuguð ferð í Perluna og skoða undur íslenskrar náttúru. Þessi ferð verður auglýst í Mosfellingi núna í febrúar, allar upplýsingar um skráningu verður þar, eftir það er hægt að skrá sig annaðhvort hjá Elvu í félagsstarfinu á Eirhömrum eða formanni ferðanefndar, 8633359. Það verður lagt af stað frá Eirhömrum kl. 12:30, verð er 4.500 fyrir manninn.

Svo er það rúsínan í pylsuendanum, Færeyjaferðin, sem seldist upp á 10 mín. þegar hún var kynnt á Eirhömrum sl. haust, og komust færri með en vildu og var það vegna þess að ekki er æskilegt að fara með stærri ferðabíl þangað, einnig var ekki hægt að fá fleiri herbergi á hótelinu. Varðandi ferðina verður haldinn fundur á Eirhömrum sennilega í apríl, verður hann auglýstur með tölvupósti til allra sem fara í ferðina. Þeir, sem ætla að koma með á eigin vegum, eru velkomnir á fundinn.“ **Sjá fskj. 3.**

3.5. Spilanevnd og pútt

Karl Loftsson hefur umsjón með félagsvist og bingó. Mæting er þokkaleg en mætti gjarnan vera meiri. Karl hefur kennt pútt í 24 ár. Hann hefur hug á að halda áfram og tók fram að það er ekki bara spilamennskan sem veitir ánægju heldur líka félagsskapurinn. Að lokum óskaði hann félaginu góðs gengis.

3.6. Gaman saman

Úlfhildur Geirsdóttir, umsjónarmaður Gaman saman, flutti eftirfarandi skýrslu:

„Gaman saman hefur nú verið dagskráliður á Eirhömrum í 6 ár, annan hvern fimmtudag yfir vetrarmánuðina.

Gaman saman er samstarfsverkefni FaMos, félagsstarfsins og Vorboða.

Gaman saman er vel sótt af íbúum Eirhamra og Hamra ásamt öðrum gestum og telst mér til að um 50-60 gestir sækja Gaman saman í hvert skipti.

Eins og frá upphafi koma við sögu leikskólabörn af 7 leikskólum bæjarins ásamt umsjónarfólki, Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, stjórnandi Daði Þór Einarsson, Barnakór Varmárskóla, stjórnandi Guðmundur Ómar Óskarsson, og nemendur Listaskóla Mosfellsbæjar sem Atli Guðlaugsson stýrir.

Fjöldi þeirra aðila sem glatt hafa augu og eyru gesta í Gaman saman eru í kringum 250 manns og þeir fá mínar bestu þakkir fyrir samvinnuna, samstarfskonum mínum til 6 ára þeim Bjarneyju Einarsdóttur og Guðríði Pálsdóttur færi ég bestu þakkir og svo öllum þeim Vorboðum sem hafa rétt okkur hjálparhönd.

Eitt verð ég að nefna en það eru leikskólastjórnarnir sem hafa með glöðu geði sett Gaman saman inn í dagskrá barnanna sem er nú orðinn fastur liður, þeir fá allir góðar kveðjur og þakkir.

Undanfarin tvö ár hefur Helgi R. Einarsson séð um undirleik og farið með vísur og gamanmál eins og honum einum er lagið, en hann fer líka inn á alla leikskóla bæjarins og lætur börnin syngja svo að þau koma vel undirbúin í Gaman saman.“ **Sjá fskj. 4.**

3.7. Vorboðar

Úlfhildur Geirsdóttir formaður flutti eftirfarandi skýrslu:

„Vorboðar Kór eldri borgara í Mosfellsbæ var stofnaður 16. des. 1989 og telur nú um 55 félagar Kórinn æfir einu sinni í viku á mánudögum í safnaðarheimili Lágafellssóknar kl. 12:45.

Kórinn tekur þátt í hinum ýmsu viðburðum í Mosfellsbæ og víðar, þ.á.m. kóramóti sem haldið er ár hvert ásamt 4 öðrum kórum.

Á vorönn Vorboða er m.a. þorablót, söngur í Ísafold í Garðabæ og áður nefnt kóramót sem verður að þessu sinni í Hafnarfirði. Vorferð og svo söngur í Guðríðarkirkju á uppstigningardag. Í september fer kórinn í sína aðra utanlandsferð og að þessu sinni til Ítalíu.

Stjórnandi og raddþjálfari Vorboða er Hrönn Helgadóttir.“ **Sjá fskj. 5.**

3.8. Línudans

Kolbrún Jónsdóttir stýrir línudansi. Dansinn fer fram í safnaðarheimili Lágafellssóknar alla mánudaga kl. 15:30 nema þann fyrsta í mánuði. Húsnæðið býðst frítt en vegna skorts á bílastæðum var ekki unnt að vera á Eirhömrum. Þátttakendur eru alla jafna 12-14 og bauð Kolbrún alla velkomna í dansinn.

4. Reikningar félagsins lagðir fram til umræðu og afgreiðslu

Pétur Guðmundsson gjaldkeri gerði eftirfarandi grein fyrir reikningunum en á borðum voru ljósrit með áritun skoðunarmanna og stjórnar:

„Tekjur: Inngreiðslur félagsgjalda voru kr. 1.348.379 en 62 nýir félagar komu til okkar í FaMos á árinu og eru nú um áramót 562.

Næstu tölur eru mismunandi inngreiðslur frá vinnunefndum, vaxtatekjur og styrkur Mosfellsbæjar að fjárhæð kr. 330.721. Heildartekjur eru kr. 3.023.279.

Gjöld: Þessar fjárhæðir eru ýmis gjöld sem greiðast með þessum inngreiðslum.

Hærrí gjöld vegna íþróttar eru vegna fleiri tíma í vatnsleikfimi.

Sumarferð 2018 var á vegum Bænduferða og fór ekki gegnum reikninga félagsins.

Aðrir gjaldaliðir skýra sig að mestu með hliðsjón af tekjulið.

Lausafjármunir > inneign í banka hefur aukist um kr. 222.610 milli ára.

Eigið fé í árslok er því kr. 4.355.786.

Þar sem ég er að láta af störfum sem gjaldkeri FaMos eftir 4 frábær ár með ykkur, sem mér þykir vænt um, kveð ég kær FaMosfélagar með þessum orðum:

Þannig er lífið á lífsaldar setri

Uns lendum við farsæl hjá Sankti Pétri

Þótt nafni minn mistök mín flest öll letri

Ég manngreyið verð alltaf betri og betri.“

Engar umræður urðu um reikningana og voru þeir samþykktir samhljóða.

Sjá skýringar gjaldkera fskj. 6 og ársreikning FaMos árið 2018 fskj. 7.

5. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru á dagskrá.

6. Ákvörðun árgjalds

Stjórnin gerði tillögu um óbreytt árgjald fyrir 2019, kr. 2.500, með því fráviki að bankakostnaður vegna innheimtu leggist ofan á árgjaldið sem er ca kr. 173 á hvern einstakling.

Vegna þess að aðalfundur er ekki haldinn fyrr en í febrúar ár hvert, en margir kjósa að greiða árgjaldið strax í byrjun árs, enda miðast félagsskírteinin við áramót, lagði stjórnin til við aðalfund að samþykkja nú þegar árgjald fyrir árið 2020. Tillaga var um að það yrði kr. 2.750 að viðbættum bankakostnaði.

Steindór Hálfðánarson lagði til að félagsgjaldið yrði kr. 2.900.

Talsverðar umræður urðu um félagsgjaldið og Jette Svava Jakobsdóttir spurði hvort ekki væri hægt að bera upp hækkun á næsta aðalfundi. Formaður vísaði þá í fyrri orð sín um misræmi milli tímasetningar aðalfundar og gildistíma félagsskírteina. Hann nefndi jafnframt að hann hefði í hyggju að breyta lögum FaMos m.t.t. til þessa misræmis og jafnframt saknaði hann þess að ekkert væri fjallað um nefndir FaMos í lögnum.

Fundarstjóri bar í framhaldinu upp tillögu Steindórs annars vegar og stjórnar hins vegar og var tillaga stjórnar samþykkt með miklum meirihluta.

7. Kosning stjórnar og varamanna

Úr stjórn ganga Jón Þórður Jónsson ritari og Pétur Guðmundsson gjaldkeri eftir fjögurra ára farsælt starf.

Varamennirnir Halldór Sigurðsson og Kristbjörg Steingrímisdóttir voru kosin til eins árs á síðasta aðalfundi.

Kristbjörg Steingrímisdóttir og Margrét Jakobína Ólafsdóttir gáfu kost á sér í aðalstjórn og voru þær samþykktar samhljóða. Halldór Sigurðsson og Jóhanna B. Magnúsdóttir gáfu kost á sér sem varamenn og voru þau samþykkt samhljóða.

Að loknum kosningum bað fundastjóri þá Jón og Pétur að rísa úr sætum og var þeim klappað lof í lófa.

8. Kosning skoðunarmanna ársreikninga

Leifur Kr. Jóhannesson og Ólafur Gunnarsson gáfu báðir kost á sér til endurkjörs og voru þeir samþykktir samhljóða. Pétur Guðmundsson gaf kost á sér sem varaskoðunarmann og var hann samþykktur samhljóða.

9. Kosning fulltrúa á Landssambandsfund eldri borgara (LEB)

Tillaga stjórnar um þau Ingólf, Snjólaugu og Úlfhildi var samþykkt samhljóða. Grétar Snær Hjartarson benti réttilega á að það þyrfti jafnframt að kjósa þrjá varafulltrúa. Nýkjörnu stjórnarmennirnir Kristbjörg, Halldór og Jóhanna B. gáfu þá kost á sér og voru samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

Engin önnur mál á dagskrá.

Fundarstjóri þakkaði fundarritara fyrir fundarritun og fundargestum góða fundarsetu. Hann upplýsti að aðalfundargerðin yrði sett inn á heimasíðu FaMos.

Fundi slitið kl. 21:00.

Í framhaldinu sté Benedikt, formaður menningar- og skemmtinefndar, í pontu og kynnti skemmtiatriði kvöldsins en um var að ræða Þjóðdansafélag Reykjavíkur sem ætlaði að sýna okkur svokallaða hefðardansa og síðan væri komið að „örþorrablóti“ í boði FaMos.

Ritari: Snjólaug Sigurðardóttir (sign.)

Fundarstjóri: Magnús Sigsteinsson (sign.)